

Nd. **697. Frumvarp til laga** [226. mál]
um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. maí.)

1. gr.

Aftan við G1. í 3. gr. laganna komi nýr liður:

- G2. Á tímabilinu frá 1. september til 30. nóvember er skipum, sem eru 20 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu utan línu sem dregin er 4 sjómílar utan við viðmiðunarlínu á eftirgreindum svæðum:
- A. Á svæði sem takmarkast af línunum réttvísandi 300° frá punkti $65^\circ 51' 5''$ N — $24^\circ 13' 0''$ V og $66^\circ 04' 8''$ N og $23^\circ 57' 0''$ V.
 - B. Á svæði, sem takmarkast af línunum réttvísandi 315° frá $66^\circ 23' 6''$ N — $23^\circ 24' 5''$ V og réttvísandi 0° frá $66^\circ 31' 7''$ N — $23^\circ 01' 0''$ V.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.